

Seinkun á innleiðingu starfsmats

Frá : margret@samband.is
Heiti : Seinkun á innleiðingu starfsmats
Málsnúmer : 2016040008
Málsaðili : Akureyrarbær - stjórnslusvið
Skráð dags : 14.05.2018 13:09:16
Höfundur : Margrét Sigurðardóttir

Viðhengi

[Launatöflur_BHM_uppfært_mai_2018_LOK.xlsx](#)
[image001.gif](#)

Til framkvæmdastjóra, mannauðsstjóra og launafulltrúa sveitarfélaga og stofnana þeirra

Í kjarasamningum við aðildarfélög BHM sem samþykktu innleiðingu starfsmats vorið 2016, var gert ráð fyrir því að starfsmatsniðurstöður yrðu tilbúnar 1. júní 2018 og að störf myndu raðast samkvæmt starfsmati í launatöflu IV. Staðan er sú að mat á störfum samkvæmt starfsmati hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir í kjarasamningum. Ástæður þess eru m.a. þær að gengið hefur hægar en reiknað var með að safna starfslýsingum frá sveitarfélögum og spurningarlistum frá starfsmönnum.

Það liggur því fyrir að innleiðingarferli starfsmats fyrir háskólamenntaða starfsmenn aðildarfélaga BHM hjá sveitarfélögum verður ekki lokið fyrir 1. júní 2018.

Til að bregðast við þessum aðstæðum hafa samningsaðilar orðið sammála um eftirfarandi:

Frá 1. júní 2018 gildir bráðabirgðaröðun starfa áfram þar til starfsmatsniðurstaða og ný launaröðun liggur fyrir. Launatafla fyrir bráðabirgðaröðun starfa hækkar um 3,4% frá 1. júní 2018 samanber meðfylgjandi launatöflu, launatafla III-A, sjá einnig á heimasíðu sambandsins.

Þrátt fyrir tafir á upptöku starfsmats mun starfsmatsniðurstaða sem leiðir til hækkunar launa, gilda frá 1. júní 2018 samkvæmt launatöflu starfsmatsfélaga. Stefnt skal að því að innleiðingu starfsmats verði lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

Allar frekari upplýsingar veita starfsmenn kjarasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með bestu kveðju,
Margrét Sigurðardóttir
sérfræðingur á kjarasviði
Beint innval: 515 4913
Netfang: margret.sigurdardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.